

## Borgarráð

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar verði samþykktir fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021:

**Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs**

| <b>Aðalsjóður</b>                      | <b>Upprunaleg áætlun 2020</b> | <b>Viðbætur</b> | <b>Rammi 2021</b>  |
|--|-------------------------------|-----------------|--------------------|
| Fjármála og áhættustýringarsvið (FÁST) | 1.180.139                     | -7.569          | 1.172.570          |
| Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)         | 8.662.337                     | -23.369         | 8.638.968          |
| Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)   | 282.480                       | -3.210          | 279.270            |
| Menningar- og ferðamálasvið (MOF)      | 5.282.592                     | -44.859         | 5.237.733          |
| Skóla- og frístundasvið (SFS)          | 52.878.477                    | -86.371         | 52.792.107         |
| Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu (RHS) | 1.517.739                     | -15.748         | 1.501.991          |
| Umhverfis- og skipulagssvið (USK)      | 7.899.955                     | -103.570        | 7.796.385          |
| Velferðarsvið (VEL)                    | 24.949.918                    | -112.765        | 24.837.153         |
| Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)      | 2.009.035                     | -334            | 2.008.701          |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>              | <b>104.662.671</b>            | <b>-397.794</b> | <b>104.264.877</b> |

| <b>Eignasjóður</b>                          | <b>Upprunaleg áætlun 2020</b> | <b>Viðbætur</b> | <b>Rammi 2021</b>  |
|---|-------------------------------|-----------------|--------------------|
| <b>Nettó fyrir afskriftir og fjárm.liði</b> |                               |                 |                    |
| Eignaskrifstofa (ESK)                       | -18.742.371                   | -43.955         | -18.786.326        |
| Umhverfis- og skipulagssvið ES (USKES)      | 3.248.086                     | -33.207         | 3.214.880          |
| Verkefnastofa þróunarmála (VST)             | -4.092.549                    | -3.070          | -4.095.619         |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>                   | <b>-19.586.834</b>            | <b>-80.232</b>  | <b>-19.667.066</b> |

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli fag- og kjarnasviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára. Samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar verði hafinn undirbúningur að langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planinu, sem byggji á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag í samræmi við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar.

## Greinargerð

Kórónaveirufaraldurinn sem teygir sig nú um heim allan hefur haft víðtæk áhrif á efnahagslífið á Íslandi og er útlit fyrir að verg landsframleiðsla dragist saman um 8,4% á þessu ári skv. nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Faraldurinn hefur lamað samgöngur milli landa og áhrifin eru mikil á ferðaþjónustu á Íslandi og margvíslega þjónustustarfsemi, viðburði og menningarlíf svo fátt eitt sé nefnt. Reiknað er með snörpum viðsnúningi á næsta ári og vöxtur landsframleiðslunnar verði 4,9% og næstu ár gert ráð fyrir hagvexti á bilinu 2,5% - 2,9%. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir að atvinnuleysi nái sögulegu hámarki vegna áhrifa faraldursins og verði 8,2% í ár, en það minnki með bata í efnahagsmálum næstu ár og verði 6,8% árið 2021 og 6,2% árið 2022. Reykjavíkurborg hefur lagt fram og kynnt þrjár mögulegar sviðsmyndir sem draga upp fjárhagsleg áhrif faraldursins á rekstur borgarinnar. Horft hefur verið til þess að áhrifin geti líkst V, U eða L kúrfu og eftir því sem erfiðar gengur að ná tókum á útbreiðslu veirunnar verði áhrifin dýpri á rekstur borgarinnar og fjárhag. Þótt tekist hafi að ná nokkuð góðum tókum á veirunni á Íslandi, er ekki útséð með hver þróunin verður í haust og fram á næsta ár og veruleg óvissa ríkir um helstu forsendur vegna faraldursins. Spá Hagstofunnar dregur fram þá sýn að efnahagslífið muni taka við sér aftur þegar á næsta ári, en tekið er fram að bakslag í baráttunni við faraldurinn gæti dýpkað samdráttinn í ár og dregið úr efnahagsbata næstu ára.

Halli varð á rekstri ríkissjóðs í fyrra eftir þrjú hallalaus ár þar á undan og er áætlað að hann hafi verið um 22 milljarðar króna eða sem nemur 1% af landsframleiðslu ársins. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 var tæplega 30 milljarða halli á ríkissjóði en áætlanir ársins gera ráð fyrir töluverðum hallarekstri í kjölfar aðgerða til að spyrna við neikvæðum áhrifum faraldursins á íslenskt efnahagslíf. Gert er ráð fyrir að hallinn í ár geti numið allt að 300 milljörðum króna sem er töluvert meiri halli en varð að jafnaði ár hvert á tímabilinu 2008-2011.

Það er í þessu umhverfi sem Reykjavíkurborg leggur fram útfærslu rammaúthlutunar fyrir árið 2021. Það er mat stjórnenda að mikilvægt sé að hefja nú þegar undirbúning fyrir vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár, þrátt fyrir þá óvissu sem uppi er um rekstrarlega þróun næstu missera. Við blasir að rekstrarniðurstaða borgarinnar verður neikvæð á þessu ári og því næsta. Óvissa er um hversu mikið og verður staðan og spár um þróun endurmetnar reglulega. Þá stendur yfir sameiginleg greining ríkis og sveitarfélaga á stöðu sveitarstjórnarstigsins og verða viðræður um stuðning ríkisins við sveitarfélög teknar upp á grundvelli þeirra en niðurstaða er ekki fengin í þeirri vinnu. Gert er ráð fyrir að staða og framtíðarhorfur í rekstri borgarsjóðs og samstæðu Reykjavíkurborgar verði endurmetin áður en endanlegt frumvarp verður lagt fram í haust enda framvinda faraldursins þá lengra á veg komin og sterkari sýn á opnun landsins og þróun ferðaþjónustunnar og tengdra greinar inn á næsta ár, auk þess sem fyllri mynd er komin á aðgerðir hins opinbera og áhrif þeirra.

Hlutverk Reykjavíkurborgar snýr fyrst og fremst að íbúum borginnar og þess að gæta að velferð þeirra og líðan við þær aðstæður sem uppi eru. Þjónusta borgarinnar er að meginþunga við börn og foreldra þeirra á sviði leikskóla, grunnskóla og frístundar og tengdri þjónustu, svo og á sviði velferðarmála svo sem gagnvart fötluðum, öldruðum og þeim sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda. Það er mat borgaryfirvalda að varhugavert sé við þær aðstæður sem nú eru uppi að fara í niðurskurð eða harðar aðgerðir til þess að koma rekstri borgarinnar í jafnvægi til skamms tíma. Mikið og útbreitt atvinnuleysi verður stærsta áskorun hagkerfisins næsta vetur. Óskynsamlegt

væri að auka á þann vanda með fjöldauppsögnum og verulegum samdrætti í rekstri borgarinnar. Þess í stað verði gert ráð fyrir að nýta fjárhagslegan styrk hennar til að mæta lækkandi tekjum og halda uppi fjárfestingum. Tímabundnu tekjufalli verði með öðrum orðum mætt með lántöku til að dreifa högginu yfir lengri tíma. Í samræmi við þetta gerir þessi rammaúthlutun því ráð fyrir að Reykjavíkurborg verði rekin með halla á þessu ári og því næsta. Aðhald verður engu að síður viðvarandi í rekstri borgarinnar og gert ráð fyrir 1% hagræðingu í rekstri sviða og miðlægrar starfsemi. Lægri hagræðingarkrafa er gerð til velferðar- og skólamála en annarra málaflokka fyrir næsta ár eða 0,5%. Þá verði farið í markvissa stefnumótun og undirbúnar ákvarðanir sem leitt geti til hagræðingar og styrkt reksturinn til lengri tíma. Meðal þess verði greining á nýtingu húsnæðis í rekstri borgarinnar með sparnað og aukna samnýtingu í huga. Jafnframt verði stefnt að aukinni rafvæðingu og sjálfsafgreiðslu og notkun nýrrar tækni í þjónustu borgarinnar þar sem við á, meðal annars byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur á umliðnu vori í tengslum við endurskipulagningu þjónustunnar vegna sóttvarnarráðstafanna.

Rammaúthlutun fyrir árið 2021 er lögð fram í anda þeirrar viðspyrnu sem Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á síðustu mánuði og Græna plans borgarstjórnar til framtíðar. Minnt er á að útfærsla fjárhagsáætlunar er eitt helsta stjórnþæki borgarstjórnar til að koma áherslum sínum og stefnumörkun í framkvæmd. Það er í anda þess sem stjórnendum fag- og kjarnasviða er falið að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði við undirbúning frumvarps að fjárhagsáætlun:

- Leiðarljós við undirbúning fjárhagsáætlunar verði grænar áherslur, sjálfbærni til skemmri og lengri tíma, betri rekstur og skilvirk þjónusta.
- Húsnæðiskostnaður og nýting húsnæðis í rekstri og þjónustu borgarinnar verði rýnt, m.a. með samnýtingu og sparnað að leiðarljósi.
- Spár um hækkun fjárhagsaðstoðar verði rýndar og unnin áætlun um hvernig megi vinna markvisst að því að verkefni og vinna komi í stað bóta. Vinnumarkaðsaðgerðir verði undirbúnar í samvinnu við ríkið í þessu skyni.
- Þjónusta á sviði íþróttar- og menningarmála verði rýnd einkum með hliðsjón af eftirspurn í ljósi samdráttar vegna sóttvarnarráðstafana og tímabundins hruns í komu ferðamanna.
- Mannauðs- og starfsþróunarsviði verði falið að gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi og viðbrögðum við veikindum og fjarvistum til skemmri og lengri tíma, byggt á greiningu á stöðunni.
- Unnar verði tillögur um eðlilegar breytingar á þjónustu borgarinnar samhliða og í takt við innleiðingu styttingar vinnuvikunnar.
- Fjárfestingaráætlun verði útfærð til tíu ára með skýrri forgangsriðun og í samræmi við Græna planið.
- Fjárfest verði í rafvæðingu þjónustu og notkun nýrrar tækni og kallað eftir skýrum áformum um samhliða breytingar. Áhersla verði á nýsköpunar- og þróunarverkefni með fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi til framtíðar. Verkefni verði valin og fjármögnuð með hliðsjón af arðsemi þeirra og áhrifum á verkferla og vinnubrögð.
- Markvisst verði unnið með atvinnulífi, fyrirtækjum og ríkinu að því að tryggja fjárfestingarverkefnum framgang og tryggja að tíma- og tekjuáætlanir varðandi þróun nýrra svæða og úthlutun lóða gangi eftir. Áhersla verði lögð á virka samvinnu um þróun borgarlandsins og þau tækifæri sem því tengist við tekjuöflun og fjárhag borgarinnar til framtíðar.

Við undirbúning rammaúthlutunar hafa komið fram að fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar ásamt miðlægum skrifstofum meta viðbótarskuldbindingar sínar að fjárhæð 3 ma.kr. Þessar skuldbindingar hafa ekki verið teknar inn við þessa rammaúthlutun. Sviðunum er falið ásamt fjármála- og áhættustýringarsviði að rýna með ítarlegum hætti viðkomandi útgjaldapörf, hvað séu óumflýjanlegar úrbætur og hverju megi hugsanlega fresta en gert er ráð fyrir að taka afstöðu til þeirra áður en frumvarp að fjárhagsáætlun verður lagt fram.

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2021 eru að öðru leyti eftirfarandi:

## 1. Gjaldskrár:

- 1.1. Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar eða um 2,4%. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspegli raunkostnað í samræmi við lög.
- 1.2. Innri leiga hækki um 2,26% á milli ára í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Tekið verði tillit til raunþróunar verðlags árið 2020 á móti gildandi áætlun ársins.
- 1.3. Gjaldskrár upplýsingatækniþjónustu (UTR) taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af launahækkunum, verðbótum á samningsbundinn annan rekstrarkostnað og hagræðingarkröfu.

## 2. Útgjöld:

- 2.1. Launakostnaður: Gert er ráð fyrir að launahækkarnir vegna nýrra kjarasamninga 2020 leiði til endurskoðunar á fjárheimildum. Nú liggja fyrir kjarasamningar við stóran hluta stéttarfélaganna starfsmanna Reykjavíkurborgar. Unnið er að mati á kostnaðaráhrifum kjarasamningsbundinna launahækkana á rekstur einstakra sviða og stofnana og verður fjárheimildum vegna þeirra bætt við ramma sviða svo fljótt sem verða má þegar mat þeirra liggur fyrir.
- 2.2. Verðbætur á annan rekstrarkostnað: Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað þegar um er að ræða skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið í samstarfi við sviðin að áætla fjárhæðir vegna samningsbundinna skuldbindinga.
- 2.3. Hagræðing: Gert er ráð fyrir hagræðingu sem 1% af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviða og jafnframt á fjárheimildir vegna launa og annars rekstrarkostnaðar sem kunna að bætast við í ramma. Á þetta við um öll fag- og kjarnasvið borgarinnar ásamt miðlægri starfsemi, utan velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem skulu bera 0,5% hagræðingu af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu en gerð er krafa um sambærilega hagræðingu á samninga við þriðja aðila.
- 2.4. Innri leiga: Gert er ráð fyrir að aukning á innri leigu og verðbætur, 2,26%, komi í ramma. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2020. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja verði bætt með sama hætti.

2.5. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings en gert verður ráð fyrir fjármagni vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.

Gerð er krafa um að fag- og kjarnasviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustubætti við endanleg skil á drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2021 felast í því að sviðsstjórar og skrifstofustjórar miðlægra skrifstofa undirbúa tillögu til borgarstjóra að fjárhags- og starfsáætlun til næsta árs og næstu fimm ára. Fagráð rýna og skoða hvort tilefni er til að breyta forgangsröðun og áherslum í ljósi þessarar rammaúthlutunar.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2021 er 20. september nk. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlun vegna áranna 2021-2025 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 3. nóvember nk. og afgreitt úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 1. desember 2020.

Sjá nánari útfærslu fjárheimilda fyrir hvert svið í viðauka.

Dagur B. Eggertsson

## VIÐAUKI:

Nánari útfærsla á römmum sviða er eftirfarandi:

Tafla 2: Fjármála- og áhættustýringarsvið

| Fjármála- og áhættustýringarsvið (FÁST)                             | Fjárheimild      |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>1.180.139</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 3.256            |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -10.825          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>1.172.570</b> |

Tafla 3: Íþrótt- og tómstundasvið

| Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)                                      | Fjárheimild      |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>8.662.337</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 70.289           |
| Verðbætur á gjaldskrártekjur  | -21.277          |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -72.381          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>8.638.968</b> |

Tafla 4: Mannauðs- og starfsþróunarsvið

| Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)                                | Fjárheimild    |
|---|----------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>282.480</b> |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -3.210         |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>279.270</b> |

Tafla 5: Menningar- og ferðamálasvið

| Menningar- og ferðamálasvið (MOF)                                   | Fjárheimild      |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>5.282.592</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 13.431           |
| Verðbætur á gjaldskrártekjur  | -5.744           |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -52.546          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>5.237.733</b> |

Tafla 6: Skóla- og frístundasvið

| Skóla- og frístundasvið (SFS)                                       | Fjárheimild       |
|---|-------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>52.878.477</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 224.069           |
| Verðbætur á gjaldskrártekjur  | -75.244           |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                   |
| Hagræðing 0,5% á laun og annan rekstrarkostnað                      | -235.196          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkningar (kostnaðarmat í vinnslu)       |                   |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>52.792.107</b> |

Tafla 7: Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu

| Skrifstofa. miðl. stjórnarsýslu (RHS)                               | Fjárheimild      |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>1.517.739</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 67               |
| Verðbætur á gjaldskrártekjur  | 0                |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -15.815          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkningar (kostnaðarmat í vinnslu)       |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>1.501.991</b> |

Tafla 8: Umhverfis- og skipulagssvið

| Umhverfis- og skipulagssvið (USK)                                   | Fjárheimild      |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>7.899.955</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 13.338           |
| Verðbætur á gjaldskrártekjur  | -31.872          |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -85.037          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkningar (kostnaðarmat í vinnslu)       |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>7.796.385</b> |

Tafla 9: Velferðarsvið

| Velferðarsvið (VEL)   | Fjárheimild       |
|---|-------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>24.949.918</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 33.275            |
| Verðbætur á gjaldskrártekjur  | -3.655            |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                   |
| Hagræðing 0,5% á laun og annan rekstrarkostnað                      | -142.385          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkningar (kostnaðarmat í vinnslu)       |                   |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>24.837.153</b> |

Tafla 10: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

|   |                  |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>2.009.035</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 21.851           |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -22.185          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkningar (kostnaðarmat í vinnslu)       |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>2.008.701</b> |

Tafla 11: Eignasjóður – Eignaskrifstofa

| Eignasjóður - Eignaskrifstofa (ESK)                                 | Fjárheimild        |
|---|--------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>-18.742.371</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 104                |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                    |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -44.059            |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                    |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>-18.786.326</b> |

Tafla 12: Eignasjóður – Umhverfis- og skipulagssvið

| Eignasjóður - Umhverfis- og skipulagssjóður (USKES)                 | Fjárheimild      |
|---|------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>3.248.086</b> |
| Verðbætur á innri leigu   | 3.314            |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                  |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -36.521          |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                  |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>3.214.880</b> |

Tafla 13: Eignasjóður – Verkefnastofa þróunarmála

| Eignasjóður - Verkefnastofa þróunarmála (VST)                       | Fjárheimild       |
|---|-------------------|
| <b>Upprunaleg fjárhagsáætlun 2020</b>                               | <b>-4.092.549</b> |
| Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar (kostnaðarmat í vinnslu) |                   |
| Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað                        | -3.070            |
| Kjarasamningsbundnar launahækkunar (kostnaðarmat í vinnslu)         |                   |
| <b>Rammaúthlutun 2021</b>   | <b>-4.095.619</b> |